

## GJALDSKRÁ

### fyrir kattahald í Fjallabyggð.

#### 1. gr.

Af köttum í Fjallabyggð skal Fjallabyggð innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð.

#### 2. gr.

Kattaleyfisgjald greiðist árlega kr. 8.500. Innifalinn í leyfisgjaldi er sá kostnaður sem verður vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, heilbrigðisskoðunar dýralæknis, ormahreinsunar og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna katta, skal greiddur af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 14. gr. samþykktar nr. 636/2012 um kattahald í Fjallabyggð, skal vera 5.000 kr. Ef vista þarf kött yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 900 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjallabyggðar vegna kattar.

Eigandi kattar getur fengið hann afhentan, að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2014 (418,9 stig) og uppfærist í janúar ár hvert miðað við gildandi vísitölu neysluverðs.

#### 5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 15. desember 2014 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 674/2012 um kattahald í Fjallabyggð.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 11. desember 2014.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 15. desember 2014.

*Fjallabyggð, 8. janúar 2015.*

**Sigurður Valur Ásbjarnarson** bæjarstjóri.